

**Borgarstjórn**  
**3. nóvember 2020**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á stöðu geðheilbrigðismála hjá Reykjavíkurborg vegna COVID-19**

Borgarstjórn samþykkir að gerð verði úttekt á stöðu geðheilbrigðismála hjá Reykjavíkurborg vegna kórónuveirunnar. Í kjölfarið verði unnin aðgerðaáætlun sem fylgt verði eftir. Fulltrúum velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs verði falin gerð úttektar annars vegar og aðgerðaáætlunar hins vegar enda eru það þau svið Reykjavíkurborgar sem málið snertir helst. Vinnan verði unnin í samstarfi við fagaðila á sviði geðheilbrigðismála ásamt fulltrúum frá samtökum sem sinna geðheilbrigðismálum. Lagt er til að vinnu við greiningu og aðgerðaáætlun ljúki eigi síðar en í árslok 2020 og niðurstöðunni verði skilað til borgarráðs. Aðgerðaáætlun komi til framkvæmda í ársbyrjun 2021.

**Greinargerð:**

Mjög miklar breytingar hafa orðið á samfélaginu á árinu 2020 enda hefur kórónuveirufaraldurinn sett mark sitt á daglegt líf allra landsmanna. Áhrifanna gætir alls staðar í samfélaginu en sóttvarnaraðgerðir hafa leitt til takmarkana á skólastarfi, ferðafrelsi og félagsstarfi svo fátt eitt sé nefnt.

Þá hefur ástandið leitt til félagslegrar einangrunar ýmissa hópa í viðkvæmri stöðu líkt og eldri borgara. Þessi staða verður sífellt þyngri þar sem faraldurinn hefur dregist á langinn, ekki síst meðal viðkvæmra hópa.

Með það í huga er mikilvægt að gerð verði úttekt á því hver raunveruleg staða er í Reykjavík. Samhliða þarf að gera aðgerðaáætlun sem útlístar aðgerðir til úrbóta. Hér er lagt til að vinna við úttekt og aðgerðaáætlun verði í höndum fagaðila í geðheilbrigðismálum frá velferðarsviði, skóla- og frístundasviði og íþróttá- og tómstundasviði enda mjög margir og viðkvæmir hópar innan þessara sviða.

Það ástand sem hefur skapast í samfélaginu vegna COVID-19 bitnar illa á viðkvæmum hópum og því miður þá benda bráðabirgðatölur frá Ríkislögreglustjóra vegna sjálfsvíga til þess að staða geðheilbrigðismála sé þung. Alls var farið í 30 útköll vegna sjálfsvíga á fyrstu átta mánuðum ársins á meðan útköll á sama tíma árið 2019 voru 18 talsins. Að óbreyttu stefnir í auknið atvinnuleysi og mun þyngri stöðu en núna er í samfélaginu og er því brýn nauðsyn að bregðast við.

Í ofanálág við kórónuveiruna er ástandið meðal barna og ungmenna ekki eins og best verður á kosið þegar kemur að geðheilbrigðismálum. Ungmennaráð borgarinnar lagði til á sameiginlegum fundi Reykjavíkurráðs ungmenna og borgarstjórnar 28. febrúar 2017 að Reykjavíkurborg í samstarfi við heilsugæsluna myndi efla geðfræðslu fyrir nemendur á mið- og unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkurborgar frá og með haustinu 2019. Tillagan var samþykkt en hefur enn ekki komið til framkvæmda.

Um þessa tillögu ungmennaráðsins er fjallað sérstaklega um í skýrslunni Geðfræðsla í grunnskólum Reykjavíkur sem útlístar tillögur starfshóps að framkvæmd geðfræðslu í grunnskólum borgarinnar. Í skýrslunni segir að börn og unglingar alist upp við flóknara og meira áreiti en áður. Þar segir orðrétt: „Snjalltæki eru orðin hluti af daglegu lífi barna jafnvel frá eins árs aldri. En með þessum miklu breytingum fylgir auknið álag á andlega líðan. Kvíði og streita meðal barna og unglunga er orðið verulegt áhyggjuefni og hefur m.a. birst í aukinni tíðni sjálfskaða. Depurð og þunglyndi hefur aukist verulega sem m.a. hefur komið fram í auknum fjarvistum og brottfalli úr skólum.“

Jafnframt segir í skýrslunni að hegðunarvandi barna og unglunga hafi „aukist til muna og sé sífellt meira áhyggjuefni. Niðurstöður rannsókna á heilsu og líðan íslenskra barna benda til hærri tíðni geðrænna vandamála íslenskra barna en barna annars staðar í Evrópu og eru algengustu greiningarnar kvíðaröskun og ADHD. Samkvæmt tölum frá embætti landlæknis hefur geðlyfjanotkun vegna tilfinninga- og hegðunarerfiðleika aukist mjög mikið á undanförunum árum.“

Enn fremur segir í sömu skýrslu að rannsóknir hafi sýnt að geðfræðsla sé mikilvægur þáttur í almennum forvörnum og bættri líðan barna. Þá hefur fræðsla um geðsjúkdóma aukið skilning á þessum vanda hjá börnunum en ekki síður gagnvart öðrum sem eru andlega veikir eins og segir í skýrslunni. „Fræðsla um hvað geðrænir erfiðleikar eru og hvaða bjargráð séu til í samfélaginu hefur sýnt að fordómar hafa minnkað hjá ungu fólki. Kennsla í samskiptum og hvernig er að lifa og búa í sjálfum sér er mikilvæg til að styrkja sjálfsmynd barna, minnka árekstra og einelti og bæta hegðun,“ segir að auki í skýrslunni.

Með þetta í huga er mjög mikilvægt að fyrirnefnd tillaga ungmennaráðs Grafarvogs, sem samþykkt var árið 2017, nái fram að ganga og fræðsla verði aukin. Til viðbótar við fyrri vanda búa börn og unglingar nú við aukna félagslega einangrun og kvíða vegna COVID-19 og sóttvarnaáðgerða.

Það má ekki vera flókið að leita sér aðstoðar. Ef hindranir eins og aðgengi, sjúkdómsgreiningar, fjöldi greininga og biðtími verða hindranir sem mæta einstaklingum sem sækja sér aðstoð er hætta á enn alvarlegri vanda en ella. Ef „hindrunarhlaupið“ verður þungt í vöfum fáum við fleiri aðila sem missa tök á lífinu í alvarleg veikindi. Mikilvægt er að við beinum athygli okkar að forvörnum og heilsueflingu í ríkara mæli, samhliða því að bæta kerfið sem tekst á við afleiðingar geðraskana.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg hafi skýra stefnumótun og sé leiðandi í því að allir íbúar sveitarfélagsins setji geðheilsuna í forgang. Þrengri félagsleg staða vegna COVID-19 gerir það enn brýnna en ella.